

Lokaskýrsla til Sprotasjóðs 2016 – 2017

Viltu tala íslensku við mig?

UMS-95



Lokaskýrsla til Sprotasjóðs

Nafn skóla: Réttarholtsskóli

Nafn verkefnisins: Viltu tala íslensku við mig?

Nafn verkefnisstjóra: Guðný S Marinósdóttir

Númer samings UMS-95, úthlutað fyrir 2016-2017

Markmið verkefnisins samkvæmt umsókn:

Að innleiða nýjar kennsluaðferðir í íslensku sem öðru máli og skapa aðstæður fyrir nemendur sem læra íslensku sem annað mál til að nota málið í skólastarfinu og við daglegar athafnir.

Að kenna nýjar aðferðir til að læra tungumál, nota til þess nýjustu tækni og nýta hugbúnað og forrit til náms.

Að auka samstarf milli kennara sem kenna íslensku sem annað mál og kennara annarra námsgreina.

Að stuðla að aukinni fjölmennningarlegri vitund í grunnskólum.

Að stuðla að aukinni virkni og þátttöku nemenda með íslensku sem annað mál í skólastarfinu.

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiðum:

Notaðar voru aðferðir og námsefni sem hafa verið þróaðar í Íslenskuþorpínu sem er kennsluverkefni í íslensku sem öðru máli í Háskóla Íslands. Verkefnastjóri Íslenskuþorpsins Guðlaug Stella Brynjólfsdóttir kom og hélt námskeið og sinnti stuðningi við kennara. Námsefni Íslenskuþorpsins var aðlagð að grunnskólanum. Þeir nemendur sem töluðu litla eða enga íslensku voru með fasta tíma í stundatöflu sem heita Íslenskuþorpið, nemendur sem töluðu meiri íslensku voru teknir úr öðrum kennslustundum til þess að koma í Íslenskuþorpið. Nemendurnir fengu spjaldtölvu til þess að nota í skólanum og heima. Nemendur fengu kennslu í að nota orðabækur á netinu, kennslu í mynd og hljóðvinnslu og þeim kennt að nota samskiptaforritið Seesaw Class. Kennt var í litlum hópum eða einstaklingskennslu þar sem ekki voru margir erlendir nemendur.

Frávik miðað við áætlun verkefnis:

Á skólaárinu 2016-2017 náðist ekki að skapa vettvang fyrir samstaf við aðra greinakennara, en haldið var námskeið þar sem sérstaklega var farið í hvernig því gæti verið háttáð og er það næsta skref í ferlinu.

Helstu hindranir:

Mikið álag í skólunum vegna innleiðingar á nýju námsmati og því minni tími til þess að vinna að innleiðingu á nýjum kennsluaðferðum. Færri kennarar treystu sér til að bæta þessari vinnu á sig en von stóð til. Einnig kom í ljós að erlendir nemendur voru færri en gert var ráð fyrir í verkefninu, þeir voru á ólíkum aldri og ekki í sama bekk. Því reyndist erfitt að finna nægilega margar kennslustundir þar sem þátttakendur voru saman í Íslenskuþorpsverkefnunum. Í byrjun hefði þurft að gera ráð fyrir tímum í stundatöflu nemenda fyrir Íslenskuþorpið. Kennslufræði og námsefnið gerir ráð fyrir að

nemendur heimsæki mismunandi staði fyrir utan skólasamfélagið. Það kom fljótt í ljós að ekki var hægt að senda nemendur eina í heimsóknirnar og þurfti því að finna kennara og tíma til þess að fara með þeim.

Helstu ávinningar af vinnu við verkefni, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfarið eða samhliða verkefnisvinnu:

Nemendur lærðu betur á nærumhverfi sitt um leið og þeir æfðu sig í að tala íslensku. Þeir lærðu að nota samskiptaforrit og lærðu betur á spjaldtölvurnar sem þau fengu í hendur. Í verkefnum



Samskipti í félagsmiðstöð aldraðra í Hæðargarði.

Íslenskuþorpsins eiga nemendur að taka upp samskiptin og setja inn í Seesaw Class. Þar geta þeir hlustað á hljóð- og myndbandsupptökurnar eftir þörfum og unnið ýmis verkefni í tengslum við málnotkunina eins og í málfræði, framburði, orðaforða og hlustun. Nemendur eru því að nota og vinna með tungumálið í raunverulegum aðstæðum. Kennararnir í

Íslenskuþorpinu lærðu nýjar kennsluáðferðir og notkun samskiptaforritsins Seesaw Class. Með þessum hætti náðu kennararnir að vera í meira og betra sambandi við nemendur Íslenskuþorpsins, þar sem forritið býður uppá þann möguleika að leiðrétta, gera athugasemdir, hvetja nemendur og hrósa. Nemendur eru með spjaldtölvurnar heim og í skólanum, því var auðvelt að koma upplýsingum á framfæri til þeirra. Það vakti áhuga annarra nemenda í skólanum að sjá erlendu nemendurna að vinna verkefni Íslenskuþorpsins á spjaldtölvurnar en þannig skapaðist tækifæri til meira samskipta milli nemenda.

Mat á verkefninu samkvæmt umsókn:



Fyrri námskeið fyrir kennara.

Kennurum var boðið upp á tvö námskeið í aðferðum Íslenskuþorpsins og einnig voru fundir þar sem farið var yfir hvernig gengi. Á námskeiðunum fengu kennarar tækifæri til þess að þjálfa sig í aðferðum Íslenskuþorpsins.


Nemendur fengu tækifæri á að tala íslensku í nærumhverfi sínu m.a. í skólanum, í bókaverslun, kaffihúsi, sjoppu, elliheimili, farfuglaheimili, félagsmiðstöð fyrir unglínga og sundlaug. Þessir

kennsluhættir stuðla að því að nemendur með íslensku sem annað mál verða áræðnari með að taka þátt í sameiginlegum verkefnum og félagslegum samskiptum innan skólans. Kennsluáðferðirnar sem slíkar nýtast öllum nemendum og ekki síst þeim sem standa höllum fæti.

Niðurstöður verkefnis:

Aðferðin er góð viðbót við það starf sem verið er að vinna í skólunum. Nemendum finnst aðferðin og verkefni skemmtileg og þeir sjá tilgang með náminu. Með þessari aðferð er verið að vinna með raunverulegar aðstæður þar sem nemendur eru þjálfaðir í að eiga samskipti við aðra á íslensku. Nemendur undirbúa samskipti sín í kennslustofunni og heima. Kennarinn kemur með tillögu að orðaforða og málnotkun sem er viðeigandi á hverjum stað. Nemendur læra markvisst að nota samskiptamiðla, spjaldtölvur og hjálparforrit í tengslum við samskipti á íslensku. Þannig læra þeir uppbyggingu tungumálsins, málfræði, framburð og ritun. Nemendur taka upp samskiptin á

spjaldtölvur og hlusta á málnotkun bæði heima og með kennara í kennslustofu. Síðan nota þeir upptökurnar til þess að vinna ýmis verkefni tengd málnotkuninni s.s. ritun, málfræði, framburð og hlustun. Þar sem ekki skiptir minnstu máli er að nemendur öðlast menningarläsi í þessum samskiptum.



Námsefnið sem var notað og aðlagð að unglíngum kemur frá Íslenskuþorpinu í Háskóla Íslands. Útbúin var mappa fyrir kennara sem tóku þátt í verkefninu. Mappan inniheldur: Kennslufræði Íslenskuþorpsins, kennsluleiðbeiningar, verkefni, þátttökufyrirtæki og myndir af þeim. Kennslufræði Íslenskuþorpsins er í 7 þrepum sniðin að fullorðnu fólki í háskólum og gerir ráð fyrir að nemendur vinni sjálfstætt. Mikilvægt er að fara eftir þrepunum í þeirri röð sem þau eru. Þrepin eru:

Þrep 1: Undirbúningur a, kennari fer í hvaða fyrirtæki/staði nemendur eiga að heimsækja.

Þrep 2: Undirbúningur b, nemendur vinna rannsóknarverkefni tengt væntanlegri heimsókn.

Dæmi um verkefni í námsefninu.

Þrep 3: Undirbúningur c, nemendur og kennarar útbúa vinnuspjöld fyrir hvert fyrirtæki.

Þrep 4: Nemendur eiga samskipti á íslensku og taka upp á spjaldtölvu.

Þrep 5: Heimavinna/kennslustofa, hlustað á samskiptin sem fóru fram og verkefni unnin.

Þrep 6: Nemendur ræða saman og deila reynslu.

Þrep 7: Nemendur fara aftur í fyrirtæki/staði og eiga samskipti.



Nemendur hlusta á samskiptin og vinna verkefni.

Nemendur vinna saman í litlum hópum þar sem þeir skipta með sér verkum. Kennslan byggir á því að nemendur æfa samtöl í skólanum áður en þeir fara í heimsókn í fyrirtæki/staðir. Samtölin eru tekin upp á spjaldtölvu. Nemendur okkar eru á misjöfnu stigi í íslenskukunnáttu, sumir gátu tjáð sig þökkalega meðan aðrir höfðu enga kunnáttu í tungumálinu. Nemendurnir eru ekki allir í sama bekk og aldri þannig að oft var erfitt að ná þeim saman á sama tíma. Heimavinnunni var sleppt og fór sú vinna alfarið fram í skólanum undir leiðsögn kennara. Það kom fljótt í ljós að nemendur treystu sér ekki einir á þá staði fyrir utan skólann sem

þeir voru búnir að undirbúa sig fyrir og þurfti þá kennari að fara með þeim. Eftir áramót sáum við að þeir nemendur sem voru tregir að tala íslensku í byrjun voru farnir að tjá sig við starfsmenn og aðra nemendur, með æfingunni fengu þeir kjark og aukið sjálfstraust til þess.

Fyrir kennara eru þetta nýjar aðferðir og góð viðbót við aðrar kennsluáðferðir. Samskipti nemenda og kennara urðu meiri með notkun samskiptaforritis Seesaw Class. Innleiðing nýrra kennsluhátta

tekur lengri tíma en áætlað var. Markmiðið er að þróa verkefnið enn frekar á næsta ári þannig að það nýtist inn í sem flestar faggreinar markvisst.

Þetta verkefni er liður í að auka fjölmennningarlegavitund í skólastarfinu, það vakti athygli hjá öðrum nemendum, starfsfólki og kennurum í skólunum. Verkefnin gera ráð fyrir samskiptum á íslensku þannig ná ólíkir menningarhópar að kynnast betur.

Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöður:

Veturinn 2017- 2018 verður skólastjórum boðið uppá kynningu á Íslenskuþorpínu. Boðið verður uppá kynningu og eða námskeið í aðferðunum. Tveir skólar hafa nú þegar óskað eftir kynningu, Austurbæjarskóli og Klébergsskóli.

Dagsetning: 17. maí 20017

Undirskrift verkefnisstjóra

Undirskrift skólastjóra ábyrgðarskóla